



Til: hakon.asgeirsson@umhverfisstofnun.is
Efni: Re: Fw: Skógaheiði_framlenging lokunar_ósk um umsögn
Upplýsingar: Sent: 06.04.2018 11:53:13 af Trausti Baldursson, Málsnúmer: 2018030051, Bréfalyklar: 42-0 Ums almennt

Tilvísun í mál: 2018030051

Vísað er til meðfylgjandi tölvupósts.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki athugasemd við að lokun á svæðinu verði framlengd enda telur stofnunin að svæðið sé ekki tilbúið til að ferðamenn fari þar um fyrr en búið er að gera viðeigandi ráðstafanir til að koma í veg fyrir frekari skemmdir sbr. fyrri afgreiðslu stofnunarinnar frá 23. mars sl.

Virðingarfyllst,

Trausti Baldursson
Náttúrufræðistofnun Íslands
Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8

Pósthólf 125 (P.O. Box 125)

212 Garðabær
Sími/Tele: 590 0500
Email: trausti@ni.is



Frá: Sigrún Fríða Óladóttir/NI.IS
Dags: 06.04.2018 10:01:33
Til: Magnús Guðmundsson/NI.IS@NI.IS
Efni: Fw: Skógaheiði_framlenging lokunar_ósk um umsögn

----- Forwarded by Sigrún Fríða Óladóttir/NI.IS on 06.04.2018 10:01 -----

From: Hákon Ásgeirsson <hakon.asgeirsson@ust.is>
To: Hákon Ásgeirsson <hakon.asgeirsson@ust.is>
Cc: Eva B. Sólán Hannesdóttir <eva.hannesdottir@umhverfisstofnun.is>
Date: 06.04.2018 09:40
Subject: Skógaheiði_framlenging lokunar_ósk um umsögn

Góðan dag

Umhverfisstofnun lokaði gönguleið á Skógaheiði ofan við Fosstorfufoss 24. mars. Starfsmaður Umhverfisstofnunar gerði úttekt á svæðinu í gær 5. apríl (sjá skýrslu í viðhengi). Ástand svæðisins er eins og var við síðustu úttekt nema meira frost er í jarðvegi eins og er. Umhverfisstofnun telur ekki æskilegt að opna svæðið að svo stöddu þar sem von er á hláku sem gerir það að verkum að svæðið verður blautt, leðja myndast í farvegi gönguslóðans og gróður er sérstaklega viðkvæmur á meðan frost fer úr jörðu. Gestir svæðisins geta samt sem áður gengið um 650 metra upp á Skógaheiði frá útsýnispalli ofan Skógafoss þar sem göngustígur var lagfærður vorið 2017.

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að gönguleið á Skógaheiði austan megin við Skógá ofan við Fosstorfufoss verði lokað áfarm í allt að 8 vikur. Ef svæðið verður í stakk búið til að taka á mótí gestum án þess að hætta sé á frekari skemmdum, verði svæðið opnað fyrr. Ef loka á svæði lengur en tvær vikur þarf staðfestingu ráðherra samkvæmt 25. gr. laga um náttúrvernd nr. 60/2013, en þar segir m.a.; „*Umhverfisstofnun getur í verndarskygni, að fenginni tillögu hlutaðeigandi sveitarfélags eða landeigenda eða eigin frumkvæði, takmarkað umferð eða lokað svæðinu í óbyggðum ef hætta er á verulegu tjóni af völdum ágangs á svæði. Slíkar ákvarðanir eru háðar staðfestingu ráðherra og skal birta þær með auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda. Stofnunin skal ávallt hafa samráð við hlutaðeigandi sveitarfélag, landeigenda og aðra hagsmunaaðila áður en tillaga samkvæmt ákvæði þessu er send til ráðherra.*“ Í viðhengi er uppfærð ástandsúttekt á svæðinu.

Umhverfisstofnun óskar eftir umsögn varðandi framlengingu á umræddri lokun fyrir kl. 14:00 í dag föstudaginn 6. apríl svo lokunin geti tekið gildi laugardaginn 7. apríl.

Virðingafylgst

Hákon

Bestu kveðjur, Best regards

Hákon Ásgeirsson

Teymisstjóri, Team leader

Svið náttúru, Department for Nature



Umhverfisstofnun, Environment Agency of Iceland

Suðurlandsbraut 24, 108 Reykjavík, Iceland

Sími / Phone: +354 591 2000

Bréfasími / Fax: +354 591 2010

Veffang / Webpage: [Http://www.ust.is](http://www.ust.is)

DISCLAIMER / UM TÖLVUPÓSTINN: [Http://www.ust.is/disclaimer](http://www.ust.is/disclaimer)



Takmarkanir á umferð á Skógarheiði_framlenging lokunar.pdf